



Lagt fyrir 380. fund velferðarráðs 24. júní 2020

VEL2020050007

RÁ/kg

Umsögn

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

Efni: Tillaga áheyrnarfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands um viðbragðsáætlun vegna lokunar góðgerðarféлага sem sjá um matarúthlutanir

Á fundi borgaráðs 12. mars 2020 var lögð fram eftirfarandi tillaga áheyrnarfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands um viðbragðsáætlun vegna lokunar góðgerðarféлага sem sjá um matarúthlutanir:

Í ljósi þess að kórónaveiran/COVID-19 hefur víðtæk áhrif á ýmsa starfsemi er nauðsynlegt að bregðast við. Borgarráð samþykkir að vinna með viðeigandi aðilum að því að setja fram viðbragðsáætlun sem nær utan um þá sem munu hljóta skaða af lokun góðgerðarstarfsemi sem sér um matarúthlutanir til þeirra sem búa við bág efnahagsleg kjör. Nýlega greindi Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur frá því að hafa lokað tímabundið vegna COVID-19. Margir reiða sig algjörlega á mataraðstoð frá Mæðrastyrksnefnd og öðrum góðgerðarstofnunum þar sem sjálfbodaliðar halda uppi starfseminni. Stjórnvöld; sveitarfélögin og ríkið verða að setja fram viðbrögð sem tryggja að enginn verði án matar þó svo að góðgerðarstofnanir loki vegna COVID-19. Það er ekki hægt að ætlast til þess að sjálfbodaliðar sjái um að veita þá þjónustu sem margir treysta á til þess að geta borðað út mánuðinn. Ábyrgðin er stjórnvalda og það er þeirra að tryggja að fólk í viðkvæmri stöðu þurfi ekki að líða skort. Lagt er til þess að Reykjavíkurborg vinni með þeim sem kunna að eiga hlut í málinu og leiti t.a.m. til sambands íslenskra sveitarfélaga og ríkisins. Áhersla er lögð á mikilvægi þess að aðgerðir sem þjóni þessum aðilum komi strax til framkvæmda. Í greinargerð er fjallað um mögulegar útfærslur tillögunnar.

Svar:

Eins og fram kemur í tillögunni dró tímabundið úr matarúthlutunum nokkurra hjálparsamtaka á tímum Covid. Fjölskylduhjálpin lokaði um tíma, en opnaði síðan aftur tvo daga í viku. Mæðrastyrksnefnd lokaði tímabundið en opnaði aftur í mars og þá fyrir neyðarúthlutanir. Hjálpræðisherinn og Hjálparstarf kirkjunnar héldu sínu striki en Hjálparstarfið hætti þó fataúthlutunum. Á kaffistofu Samhjálpur gafst fólki kostur á að fá heitan mat í hádegi.

Ásmundur Einar Daðason, félags- og barnamálaráðherra, veitti 28 félagasamtökum styrki upp á samtals 55 mkr. Styrkirnir voru hugsaðir til að styðja við aukna þjónustu samtakanna við viðkvæma hópa sem verða fyrir áhrifum vegna faraldurs kórónuveiru. Þau félagasamtök sem hlutu styrki voru m.a. Fjölskylduhjálpin, Hjálparstarf kirkjunnar, Hjálpræðisherinn og Mæðrastyrksnefnd.

Á fundi velferðarráðs þann 6. maí 2020 var samþykkt að veita forsjáraðilum sem fá fjárhagsaðstoð til framfærslu í janúar - mars 2020, 20.000 kr. eingreiðslu með hverju barni með lögheimili hjá forsjáraðila og fengu foreldrar afturvirkar greiðslur. Þann 22. maí fékk 201 foreldri greidda eingreiðsluna vegna 343 barna. Samtals 6.860.000

Á sama fundi var lögð fram beiðni Hjálparstarfs kirkjunnar um aukið fjárframlag vegna mikillar eftirspurnar eftir aðstoð Hjálparstarfsins. Fulltrúar Samfylkingarinnar, Pírata og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar meirihlutans þakka fyrir erindið frá Hjálparstarfi kirkjunnar. Velferðarsvið hefur stutt við ýmis verkefni sem Hjálparstarf kirkjunnar hefur staðið fyrir í Reykjavík í gegnum árin og átt farsælt samstarf við samtökin. Ljóst er að ef um formlega styrkbeiðni er að ræða er farsælast að sótt sé um ákveðna upphæð til ákveðinna verkefna í samræmi við styrkjareglur borgarinnar. Ljóst er að skoða þarf með heildstæðum hætti hvort þörf sé á að skoða styrkveitingar borgarinnar í ljósi ástandsins og endurmeta þörfina fyrir stuðning í ljósi breyttra aðstæðna í samfélaginu.

Það er mat velferðarsviðs að fyrir þann hóp einstaklinga sem þurfa á matarúthlutunum hjálparsamtaka að halda sé sú leið að afhenda fólki inneignarkort til að nýta í almennum verslunum sú leið sem helst dregur úr stimplun og sýni mestu virðinguna. Hjálparstarf kirkjunnar hefur farið þá leið að nýta slík kort.